

1.6.5 Gjalddagi rafveitueftirlitsgjalds er 15. dagur næsta mánaðar eftir sölumánuð. Gjalddagi reikninga fyrir önnur eftirlitsgjöld skv. þessari grein eru 20 dagar eftir dagsetningu reikninga. Eindagi er 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Rafmagnseftirlitinu eru þó heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu vegna eftirlitsgjalda í lið 1.6.4. Séu eftirlitsgjöld skv. þessari grein eigi greidd á eindaga falla á hæstu leyfilegir dráttarvextir á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga. Eftirlitsgjöld og dráttarvexti má taka lögtaki skv. l. nr. 29/1985.

Ágreining um gjaldskyldu eða gjaldstofna skv. þessari grein má bera undir ráðherra orkumála.

Reglugerðarbreyting þessi gildir frá og með 1. janúar 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1990.

Jón Sigurðsson.

Páll Flygenring.

AUGLÝSING

um varúðarráðstafanir vegna innflutnings á rotmassa til svepparæktar.

Að tillögu yfirdýralæknis og samkvæmt heimild í 3. mgr. 7. gr. laga um dýralækna nr. 77/1981 og til að tryggja að heilahrörnun í nautgripum (Bovine spongiform encephalopathy) eða aðrir búfjárjúkdómar berist ekki til landsins, eru hér með settar svofelldar reglur um varúðarráðstafanir vegna innflutnings á rotmassa til svepparæktar.

1. Innflutningur á rotmassa er hverju sinni háður sérstöku samþykki yfirdýralæknis með áritun á innflutningsskýrslur. Slíka áritun er ekki unnt að framkvæma nema fyrir liggi heilbrigðisvottorð frá upprunalandi um að ekki sé blandað í rotmassann húsdýraáburði, afurðum eða úrgangi dýra.
2. Svepparæktarbúi (stöðvar) skulu varin á tryggilegan hátt þannig að gripir komist ekki að búinu. Búin skulu girt gripaheldri girðingu og hlið jafnan höfð lokuð. Ekki skal leyft að halda dýr á búinu nema til að vinna á meindýrum.
3. Umgangur óviðkomandi aðila skal takmarkaður sem mest að búinu. Jafnframt skal gera hverjar þær ráðstafanir sem koma í veg fyrir smitdreifingu.
4. Við flutning á notuðum rotmassa skal þannig búið um hann á flutningatæki, að engin smitdreifing geti átt sér stað. Flutningatæki skal hreinsað og þvegið að flutningi loknum.
5. Eftir notkun innflutts rotmassa skal hann grafinn á tryggilegan hátt, þannig að gripir og fuglar komist ekki í hann og valdi smitdreifingu. Óheimilt er að flytja notaðan innfluttan rotmassa af svepparæktarbúi, nema til eyðingar með greftrun.
6. Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.